

Björgin

Þróunarverkefni í Hvaleyrarskóla 2009-2011



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Hvaleyrarskóli.

Nafn verkefnis: Kennsluúrræðið Björgin.

Markmið verkefnisins: Að þróa virkt kennsluúrræði fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með að vinna í stóru rými eða stórum bekk allan skóladaginn. Að þróa kennsluúrræði innan skólans þar sem unnið er markvisst að því að efla og byggja upp færni nemenda til að geta verið sem mest í almennum bekk.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði: Stórri sérkennslustofu var skipt í tvö rými með skilrúmi. Öðrum megin var kennsluúrræðið Björg og hinum megin var pláss fyrir börn sem komu í sérkennslu. Ákjósanlegt þótti að það væru tveir kennarar til staðar í stofunni. Þannig væri hægt að leysa kennara af, samnýta þjónustu og koma í veg fyrir einangrun kennara. Kennari með reynslu og áhuga á því að starfa með nemendum með hegðunarraskanir var fenginn til að starfa í úrræðinu. Ákveðið var að einblína í fyrstu á nemendur í 1.-7. bekk og hafa Björgina opna að jafnaði 6 kennslustundir á dag. Gert var ráð fyrir því að 3-5 nemendur gætu verið í Björginni samtímis.

Sérstakt teymi var stofnað til að hafa umsjón með verkefninu, svokallað Bjargarteymi. Í teyminu voru verkefnisstjóri í sérkennslu, námsráðgjafi, skólasálfræðingur og kennari í Björg. Síðar bættist við verkefnisstjóri í SMT (heildstætt aga- og uppeldiskerfi sem hefur verið innleitt í grunnskólum Hafnarfjarðar). Bjargarteymið starfaði sem inntökuteymi í Björg. Það setti viðmið og gat kennari sent inn umsókn um að nemandi færi í Björg, með samþykki foreldra, þegar öll önnur úrræði höfðu verið reynd. Lögð var áhersla á að kennarinn bæri ábyrgð á námsefninu sem nemandinn átti að vinna í Björginni og þurfti hann að útbúa einstaklingsáætlun og nýja stundatöflu fyrir nemandann í samstarfi við umsjónarkennara hans. Um leið og umsókn í Björg var samþykkt var stofnað teymi utan um nemandann. Í teyminu voru einn eða fleiri eftirtaldrá; stuðningsfulltrúi, sérkennari, námsráðgjafi, deildarstjóri, fulltrúi félagsþjónustu, ásamt umsjónarkennara og foreldrum.

Úthlutun tíma í Björginni var oftast miðuð við ákveðnar námsgreinar. Nemendur gátu því verið í Björginni í þeim kennslustundum sem hegðun þeirra var ábótavant en sótt aðra tíma í bekknum. Möguleiki var á að nemandi væri allan daginn í Björginni yfir ákveðið tímabil á meðan mál hans voru í skoðun en oftast var nemandi ekki lengur en eina til tvær kennslustundir á dag. Björgin var m.a. hugsuð til að hvíla bekkinn og nemandann sjálfan en áhersla var lögð á að tengsl mættu alls ekki rofna við kennarann eða bekkinn.

Vorið 2010 var stofnað lausnateymi í skólanum og hefur það nú leyst af hlutverk inntökuteymisins. Í lausnateyminu eru deildarstjórar, námsráðgjafi, verkefnisstjóri SMT, sérkennari og kennari með PMT grunnmenntun.

Hér á eftir er lýsing á þeim verkferlum sem mótaðir hafa verið og gilda um Björgina.

Ákvörðun um inntöku í Björg

1. Umsjónarkennari fyllir út umsókn ásamt gátlista þar sem fram kemur hvað gert hefur verið í máli nemandans. Haft er samráð við foreldra.
2. Lausnateymi starfar í umboði nemendaverndarráðs. Það leggur faglegt mat á umsóknir, tekur ákvörðun um inntöku eða leggur til aðrar aðgerðir í máli nemandans. Í lausnateyminu eru; teymisstjóri SMT, deildarstjórar allra stiga sérkennari, námsráðgjafi og almennur kennari með PMT grunnmenntun.
3. Þegar inntaka hefur verið samþykkt er gerð áætlun með markmiðum og skipulagi, stundatafla er útbúin og ábyrgðaraðilar skilgreindir.
4. Umsjónarkennari/fagkennari skipuleggur nám nemanda í kennsluúrræðinu og ber ábyrgð á námsefni.
5. Miðað er við að fundir séu haldnir með umsjónarkennara og foreldrum vikulega.


Úthlutun tíma

Nemendur geta verið í kennsluúrræðinu fyrirfram ákveðinn tíma í einu:

- Eina til tvær kennslustundir á dag til að byggja upp úthald, til hvíldar frá stórum bekk og/eða til að ná ákveðnum markmiðum.
- Á meðan bekkurinn er í ákveðnum námsgreinum.
- Allan daginn yfir ákveðið tímabil.

Reglulega er lagt mat á árangur og ákvörðun tekin um hvort nemandinn sé áfram í úrræði.

Verkferill við inntöku í Björg



Frávik miðað við áætlun verkefnisins: Áætlun verkefnisins hefur staðist í meginatriðum. Breytingar hafa hinsvegar orðið á stjórn verkefnisins. Björgin er lifandi þróunarverkefni sem mun halda áfram að taka breytingum og aðlagast.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins: Eins og áður segir var markmiðið með kennsluúrræðinu Björg að nemendur öðluðust færni í að stjórna hegðun sinni þannig að þeir gætu farið aftur inn í bekkinn sinn. Nemendur sem fengu inngöngu í Björg voru almennt ánægðir og þeim leið vel þar. Það varð fljótt eftirsóknarvert að fara í Björg. Foreldrar lýstu jafnframt


ánægju sinni með fyrirkomulagið. Kennarar sem nýttu sér Björgina voru einnig alla jafna ánægðir með þá þjónustu sem veitt var. Verkefnið gekk þó ekki alveg þrautalaust fyrir sig. Vinna þurfi talsvert í viðhorfum kennara. Sumir kennarar töluðu um að umsóknarferlið væri of þungt í vöfum, of mikil skrifinnaska. Sú umræða fældi mögulega einhverja frá því að sækja um í Björg. Sú skoðun kennara kom einnig fram að þeir vildu geta sent nemendur í Björg án mikils fyrirvara eða formlegrar umsóknar. Þá reyndi talsvert á kennarann í Björg sem þótti erfitt að neita nemanda um að koma í einstaka tíma þegar kennari var í vandræðum. Það mæddi því einnig talsvert á Bjargarteyminu sem var staðfast og ötullt í að upplýsa og kynna markmið starfseminnar. Loks má einnig nefna gagnrýni sem kom fram um að vinna með nemendur með hegðunarraskanir annars vegar og vinna með nemendur með námsvanda hinsvegar ætti ef til vill ekki að fara fram í sama kennslurýminu.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

Kennsluúrræðið Björgin hefur fest í sessi sem mikilvægt úrræði í vinnu með börn með hegðunarraskanir. Skólinn útskrifast í haust sem sjálfstæður SMT skóli. Við munum halda áfram að styrkja tengsl Bjargarinnar við aga- og uppeldiskerfi skólans. Talsverð þekking hefur skapast í skólanum um það hvernig best er að vinna með börn sem glíma við hegðunarerfiðleika. Sú þekking nýtist ekki aðeins fyrir nemendur sem fara í Björg heldur fyrir alla nemendur í skólanum.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: Þau markmið sem sett voru við upphaf verkefnisins stóðust mjög vel. Þ.e. þróað hefur verið kennsluúrræði innan skólans sem kemur til móts við nemendur þegar almennar lausnir hafa verið reyndar án árangurs. Samkvæmt þeim rannsóknargrunni sem SMT kerfið hvílir á má gera ráð fyrir þrenns konar nemendum í hverjum skóla. „Venjulegum“ nemendum (85-90%), nemendum sem sýna fyrstu merki andfélagslegrar hegðunar og eiga á hættu að þróa með sér andfélagslegt hegðunarmynstur (7-10%) og nemendur sem þegar sýna töluverða andfélagslega hegðun (3-5%). Þessi skipting er gjarnan táknuð með pýramída í þremur lögum. Björgin er kennsluúrræði fyrir börn sem eru í efsta lagi pýramídans og er markmiðið að ná nemendum niður um eitt lag í pýramídanum með jákvæðri styrkingu. Mat á

verkefninu sýnir að það hefur tekist í mörgum tilfellum. Nemendur sem hafa verið í Björg hafa fengið færri skráð agabrot á sig, líðan þeirra er betri og dregið hefur úr hegðunarvanda þeirra. Mat meðal kennara og starfsfólks sýnir að fólk er almennt ánægt með Björgina. Ýmsar ábendingar komu fram í matinu um leiðir til að gera gott starf enn betra. Má þar sem dæmi nefna einföldun á umsóknarferli, stuðning við kennara til að framkvæma virknimat varðandi óæskilega hegðun nemenda og aðstoð við gerð aðgerðaráætlunar.



Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum: Kynningar á verkefninu hafa verið haldnar reglulega á starfsmannafundum. Áætlað er að halda kynningu á afrakstri og niðurstöðum verkefnisins fyrir skólasamfélagið allt næsta haust. Vinnulag verður þá staðfest í skólanámskrá og gerð áætlun um viðhald og áframhaldandi þróun verkefnisins.

Hvaleyrarskóli, Hafnarfirði

29. 06. 2011

Helgi Arnarson

Helgi Arnarson skólastjóri

